

## Vegvist—vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum.

Samantekt okt. 2019

Ása L. Aradóttir og Steinunn Garðarsdóttir, LbhÍ

Eitt meginmarkmið þessa verkefnis er að draga saman þekkingu um mismunandi aðferðir við endurheimt staðargróðurs sem nýtist við gerð leiðbeininga, viðmiða og fræðslu um val á aðferðum og innleiðingu endurheimtar. Jafnframt að bæta eins og kostur er úr þekkingargloppum, meðal annars með því að meta árangur valinna vegagerðarverkefna, þar sem mismunandi aðferðfræði hefur verið beitt. Þá hefur verkefnið einnig snúið að prófun aðferða við úttektir á endurheimt staðargróðurs.

Í verkefninu voru gerðar mælingar á gróðurfari og ásýnd vegfláa og aðliggjandi grenndargróðurs á nokkrum svæðum þar sem mismunandi endurheimtaraðferðum var beitt. Við Dettifossveg og hluta af Lyngdalsheiðarvegi var svarðlag tekið af vegstæðinu, haugsett og dreift aftur í vegfláann, en á öðrum hluta Lyngdalsheiðar var hefðbundin uppgræðsla með grassáningu og áburðargjöf. Á framkvæmdasvæði ON á Hellisheiði og við endurbætur á Þingvallavegi voru heilar gróðurtorfur teknar af vegstæðinu og lagðar út aftur í vegfláann. Einnig hefur verið fylgst með innleiðingarferli við endurheimt staðargróðurs í tengslum við endurbætur á Þingvallavegi 2018-2019, enda markar sú framkvæmd viss tímamót við notkun nýrra aðferða við endurheimt staðargróðurs.

Ekki er lokið úrvinnslu allra gagna en þær niðurstöður sem þegar liggja eru samhljóða fyrri rannsóknum um að torfuflutningar séu einkar áhrifarík leið við endurheimt staðargróðurs í mólendi og skyldum gróðurlendum. Vegfláar sem græddir voru upp með torfuflutningum skáru sig jafnframt minna úr umhverfi sínu en vegfláar þar sem öðrum aðferðum var beitt.

Þingvallavegur, torfuflutningur 2018, myndir 2019



Dettifossvegur, flutningur á svarðlagi 2016, myndir 2017



Myndirnar sýna samanburð á vegfláum (vinstri) og nærliggjandi grenndargróðri (hægri) við Þingvallaveg og Dettifossveg.